



Fréttabréf Skeggjastaðahrepps

Útdráttur úr fundargerðum

Útgáfa janúar 2006

Ábyrgðarmaður. Selma Björk Hauksdóttir

Fundur 10. janúar 2006

Gjaldskrá Leikskólans Krakkakots tekin fyrir rædd og samþykkt. Ákveðið var að bæta inn ákvæði um uppsagnafrest.

Sagt var frá síðasta stjórnarfundum slökkviliðsins sem haldinn var 5. janúar sl. þar sem fram kom að Björn Heiðar Slökkviliðsstjóri er búinn að segja starfi sínu lausu. Samþykkt samhljóða að halda samstarfinu áfam.

Sameiningarmál við Þórshafnarhrepp, málin rædd og farið yfir fyrirbyggjandi punkta og þeir samþykktir samhljóða.

Fjárhagsáætlun fyrir skóla- og félagsþjónustu 2006. Kostnaðarskipulag samkvæmt 2006 lagt fyrir. Skeggjastaðahreppur greiðir 529.910 kr. í félagsþjónustu og 618.312 kr. í skólaþjónustu, samtals 1.148.222 kr. Greiðsla pr. mánuð verður 104.384 kr. Samþykkt samhljóða.

Bréf barst frá Bláfána, ákveðið var að sækja um Bláfána vegna hafnarinnar.

Bréf barst frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga. Tekjujöfnunarframlag Skeggjastaðahrepps 1.837.754 kr. og vegna fasteignaskattsjöfnunar 2.805.730 kr.

Bréf barst frá Sjávarútvegsráðuneytinu þar sem tilkynnt er að fallist hafi verið á tillögur um úthlutunarreglur vegna byggðarkvóta. Þær verðar sendar til birtingar.

Bréf barst frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, árgjald Skeggjastaðahrepps til Sambands sveitarfélaga á Austurlandi er 91.687 kr. en framlag ríð Héraðsnefndar Múlasýslna 2006 er 14.105 kr.

Bréf barst frá Varasjóði húsnæðismála sem varðar úthlutun sölufamlags vegna sölu félagslegra íbúða en Skeggjastaðahreppi var úthlutað 14.649.913 kr. vegna eftirtalinna fasteigna.

Miðvangur 3 6.243.566 kr.

Bæjarás 11 3.422.879 kr.

Bæjarás 8 4.983.468 kr.

Bréf barst frá HAUST vegna starfsleyfa vatnsveitna.

Beiðni barst frá Björgunarsveitinni Vopna um hækkun á árlegum styrk, úr 100.000 kr í 200.000 kr. Samþykkt samhljóða.

Bréf barst frá Félagsmálaráðuneytinu vegna húsaleigubóta, þar sem fram kemur að hækkun á neysluverðsvísitölu er 4.14 % frá janúar 2005 – janúar 2006.